

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um fasteignaskatt í Akureyrarkaupstað nr. 92/1943.

Félagsmálaráðuneytið, 6. marz 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 20 18. marz 1961, fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 7. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Bankanum er heimilt að ráðstafa fé af hlaupareikningi og hliðstæðum reikningum til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Slík skuldfærsla skal tilkynnt reikningseiganda tafarlaust.

2. gr.

Við 4. málsg. 15. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svo hljóðandi: Vélbókuð kvittun gjaldkera nægir þó, sé um vélabókhald að ræða.

3. gr.

Fyrri málslíður 1. málsg. 44. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Kvittanir frá bankanum eru því aðeins fullgildar, að gjaldkeri hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar, sbr. þó 4. málsg. 15. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem samþykkt var á aðalfundi bankans 6. apríl 1963, er sett samkvæmt lögum nr. 46/1960, um Verzlunarbanka Íslands hf., og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. apríl 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.